

Sveitarfélagið Árborg
Sigurður Þorvarðarson
Austurvegi 2, Ráðhúsi
800 Selfoss

Reykjavík 25. september 2020
UST202009-124/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga – Deiliskipulag fyrir Jórvík 1 við Selfoss – Sveitarfélagið Árborg

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins Árborgar er barst 10. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð í Jórvík 1.

Í greinargerð kemur fram að svæðið er skilgreint sem íbúðarbyggð í gildandi aðalskipulagi og fyrirhugað er að íbúðarbyggðin verði með blönduðum húsagerðum, með um 290 íbúðum á 63 lóðum. Markmið skipulagsins er að mæta fjölgun íbúa í sveitarfélaginu, skapa samfellt byggðarmynstur og tryggja góðar samgöngur fyrir alla hópa samfélagsins.

Þjósárhraun

Í greinargerð kemur fram að á skipulagssvæðinu er víða grunnt niður á hraun (Þjósárhraun).

Umhverfisstofnun bendir á að hraun fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Auk þess kemur fram að á skipulagssvæði eru engar landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Votlendi

Í greinargerð kemur fram að landið sé nokkuð blautt. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í greinargerð hvort innan skipulagssvæðisins sé votlendisvistgerðir sem hafa hátt verndargildi og þurfi að taka tillit til.

Mikilvæg fuglasvæði

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.


Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem skipulagstillagan nær til er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði (<https://www.ni.is/node/16184>) skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>)

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram hver áhrif tillögunnar eru á fuglasvæðið. Auk þess telur Umhverfisstofnun æskilegt að metin séu áhrif stækkunar þéttbýlis Selfoss á fuglasvæðið.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson
sérfræðingur